

Umsókn í fiskeldissjóð

Umsækjandi.Hafnir Ísafjarðarbæjar

Í nærri heila öld hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg rekið björgunarskip við strendur landsins. Gert var mikið átak til að loka hringnum árið 2002-2004 með þeim árangri að nú rekur félagið 13 stór björgunarskip, meðal annars í Ísafjarðardjúpi með bátnum Gísla Jóns sem Björgunarbátasjóður Vestfjarða gerir út. Undanfarin ár hafa Hafnir Ísafjarðarbæjar átt í farsælu samstarfi við björgunarbátasjóðinn um notkun á Gísla Jóns sem vara hafnsögubát með góðum árangri. Öflugari og hraðskreiðari bátur styrkir því samfélagsgerð og innviði frekar og eykur björgunargetu svæðisins sem nýtist samfélaginu margfalt. Umsvif í fiskeldi í Ísafjarðardjúpi og nálægum fjörðum hafa aukist mjög mikið á síðustu ár og eru nú tugir manna á hverjum degi við vinnu í vinnubátum eða á kvíum í Ísafjarðardjúpi eða nálægum fjörðum. Hefur aukinn viðbragðstími jákvæð áhrif á öryggi þeirra sem vinna við sjókvíaeldið.

Heimamenn á hverjum stað leggja til allt að 25% af smíðaverði skipanna og í ljósi þess að Gísla Jóns er varahafnsögubátur Hafna Ísafjarðarbæjar er leitað til fiskeldissjóðsins til þess að styrkja Hafnir Ísafjarðarbæjar að fjármagna sinn part í fjármögnunni.

Verk og áfangaáætlun er einföldun, um er sótt 20.000.000 kr styrk sem verður borgaður út við komu skipsins til Ísafjarðar í haust.

Fyrir hönd Hafna Ísafjarðarbæjar